

Leiðbeiningar um frágang brunavarna á aðaluppdráttum og brunavarnauppdráttum

Í byggingarreglugerð nr. 441/1998 (gr. 18.7) segir:

„Brunavarnir skulu færðir inn á aðaluppdrátt. Greina skal frá atriðum eins og skiptingu byggingar í brunahólf, brunamótstöðu aðalburðarvirkja, flóttaleiðum, þ.m.t. björgunaropum, neyðarlýsingu, brunavarnabúnaði o.fl. Þar sem því verður ekki við komið að færa brunavarnir inn á aðaluppdrátt skal gera sérstakan brunavarnauppdrátt er fylgi aðaluppdráttum. Vísa skal til brunavarnauppdráttar á aðaluppdrætti.“

Tilgangurinn með þessu ákvæði er að tryggja að meginatriði brunavarna byggingar liggi fyrir frá upphafi. Þannig á ekki að fara milli mála hvernig byggingin skiptist í brunahólf og til dæmis á þá að vera tryggt að hönnuðir lagna geri viðeigandi ráðstafanir þegar fara þarf með lagnir í gegnum eldvarnaveggi.

Meðfylgjandi leiðbeiningum er ætlað að skýra nánar gr. 18.7 varðandi upplýsingar um brunavarnir á aðaluppdráttum og hvernig frá brunavörnum skuli gengið. Fyrir stærri og flókari byggingar, þar sem gerð er krafa um sérstaka brunahönnun, má hafa þessar leiðbeiningar til viðmiðunar eftir því sem við á. Brunavarnauppdrátturinn byggir í þeim tilfellum þó ávallt á niðurstöðum brunahönnunar.

Hvaða brunavarnir þurfa að koma fram á aðaluppdrætti eða brunavarnauppdrætti?

Afstöðumynd

Afstöðumynd skal sýna afstöðu til götu og nærliggjandi lóða, svo og fjarlægðir húss til lóðarmarka. Enn fremur afstöðu til grannlóða ásamt öðrum mannvirkjum sem fyrir eru eða hafa verið samþykkt, í a.m.k. 30 metra fjarlægð (sbr. gr. 18.14 í byggingarreglugerð). Sýna skal aðkomuleiðir slökkviliðs að húsinu og björgunarsvæði eftir því sem við á.

Skipting húss í brunahólf og brunasamstæður

Sýna skal með viðeigandi táknum eldvarnarveggi og brunamótstöðu þeirra. Hæðaskil skal sýna á sniðmynd á sama hátt og veggj ef þess er þörf til að sýna hólfunina ótvírætt, annars er nóg að lýsa þeim í texta. Sýna skal eldvarnarhurðir og brunamótstöðu þeirra. Eigi hurð að standa opin á rafsegli skal geta þess. Breidd hurða (og stærðir glugga í brunahólfandi veggjum) skal merkja á uppdráttinn. Rita skal notkun / hlutverk hvers brunahólfs fyrir sig á uppdráttinn.

Flóttaleiðir

Sýna skal með viðeigandi táknum alla útganga úr byggingunni og úr einstökum brunahólfum. Merkja skal breidd hurða ef hún, vegna rýmingar, á að vera önnur en lágmarksbreidd og sýna opunarátt. Taka skal fram ef hurðir eru með sérstökum opunarbúnaði, s.s. panikkslám / snerlum, öryggislæsingum eða öðru þess háttar.

Sýna staðsetningu og stærðir björgunaropa og annan búnað til björgunar, svo sem brunastiga, fellistiga o.þ.h.

Burðarþol aðalburðarvirkja

Sýna skal með teikningu eða í texta, eftir atvikum, brunarþol sem aðalburðarvirki eiga að uppfylla, þ.m.t. aðalburðarbitar í þaki, burðarsúlur og berandi út- og innveggir.

Slökkvibúnaður

Sýna skal staðsetningu slöngukefla og lengd slöngu. Sýna skal stigrör og annan slíkan búnað. Ekki þarf að sýna staðsetningu handslökkvitækja.

Klæðningar

Skilgreina skal flokk klæðninga / yfirborðs á loftum og veggjum innanhúss (með almennri lýsingu eða merkingu einstakra herbergja eftir því sem við á). Skilgreina (lýsa) skal ytra byrði útveggja með klæðningarflokk eða heiti viðurkenndrar klæðningar. Lýsa skal gerð ystu þakklæðningar.

Reykskynjarar

Sýna skal staðsetningu heimilsreykskynjara.

Neyðarlýsing og út-merkingar

Í texta skal taka fram ef um neyðarlýsingu, útljós eða aðrar merkingar flóttaleiða er að ræða og hvort lýsing er háð rafhlöðu eða vararafstöð. Sýna skal staðsetningu á uppdrætti ef ástæða þykir til.

Viðvörðunarkerfi

Taka skal fram hvort brunaviðvörðunarkerfi eigi að ná til alls hússins (ef ekki, hvaða hluta þess) og hvort það eigi að vera tengt slökkvistöð / vaktstöð. Taka skal fram hvort kerfið eigi að vera samkvæmt reglum BR um sjálfvirk brunaviðvörðunarkerfi (sbr. byggingarreglugerð gr. 161). Ef svo er ekki, þá skal lýsa kerfinu nánar.

Staðsetningu stjórnstöðvar kerfisins skal sýna á uppdrættinum.

Séruppdrætti skal gera af viðvörðunarkerfum sem skal tekið út og samþykkt af viðurkenndum aðila.

Slökkvikerfi

Taka skal fram um hvaða gerð slökkvikerfis sé að ræða og hvort það eigi að ná til alls hússins (ef ekki, hvaða hluta þess) og hvort það eigi að vera tengt slökkvistöð / vaktstöð. Taka skal fram hvort um þurrt eða vott kerfi er að ræða.

Staðsetningu stjórnstöðvar kerfisins skal sýna á uppdrættinum.

Séruppdrætti skal gera af slökkvikerfum og leggja fyrir byggingarfulltrúa ásamt útreikningum til samþykktar.

Reyklosun

Sýna skal staðsetningu og stærð auðbrennanlegra þakhluta sem ætlaðir eru til reykræsingar. Sýna skal staðsetningu, stærð og stýringu sjálfvirks og / eða handstýrðs reyklosunarbúnaðar (bræðivar, stýrt af viðvörunarkerfi, fjarstýrt frá gólfi, opnanlegt utan frá). Gera skal grein fyrir vélrænni reyklosun.

Séruppdrætti skal gera af vélrænum reyklosunarbúnaði.

Ef um reyklosun með atbeina slökkviliðs er að ræða, skal gera grein fyrir því á uppdrættinum.

Sérstök íkveikjuhætta eða brunaálag

Þau rými þar sem hættuleg starfsemi fer fram, eldfim / sprengifim / hættuleg efni eru geymd eða brunaálag er óvenju mikið, skulu auðkennd sérstaklega á uppdrættinum.

Sýna skal eldstæði og arna, reykháfa og kyndiklefa.

Sýna skal stærð og staðsetningu olíu- og bensíngeyma, áfyllingar- og útloftunarstaði þeirra.

Annað

Tiltaka skal annan sérbúnað og annað sem máli skiptir varðandi brunavarnir.

Stöðluð tákn á brunavarnauppdráttum

Tákn á brunavarnauppdráttum skulu vera í samræmi við gildandi staðla og leiðbeiningar sem Brunamálastofnun ríkisins gefur út.








Helstu tákn er að finna í töflu hér á eftir og einnig má hafa til viðmiðunar eftirtalda staðla:













ISO 6790 „Graphical symbols for fire protection plans“

ÍST 62:1991 Mannvirkjateikningar -lagnir- tákn fyrir tæki í hita- og loftræstikerfum

ÍST ISO 4067/ 1:1991 „Tækniteikningar -lagnir- 1. hluti: Teiknitákn fyrir fráveitu-, neysluvatns-, hita- og loftræstilagnir.

Tákn á brunavarnauppráttum

	<p>Veggir og hæðaskil</p> <p>Merkt með brunamótstöðu. Eldvarnarveggir auðkenndir með tvöfaldri línu til aðgreiningar frá öðrum brunahólfandi (e.t.v. léttum) veggjum. Berandi veggir skulu ávallt auðkenndir með dökkri línu.</p>
	<p>Hurðir</p> <p>Merktar með tegund (brunamótstöðu) og nettóbreidd ef hún þarf að vera önnur en 0,9 m.</p> <p>Viðskeyti: S = reykþétt C = sjálflokandi</p>
	<p>Gluggar</p> <p>Merktir með brunamótstöðu og stærð (breidd x hæð)</p>
	<p>Flóttaleið</p>
	<p>Flóttaleið við útgang</p> <p>Merktja nettóbreidd ef hún þarf að vera önnur en 0,9 m</p>
	<p>Merktur útgangur</p>
	<p>Björgunarop</p> <p>Merktja stærð (bxh) ef önnur en lágmark</p>

	Fellistigi við björgunarop
	Brunaslanga Merkja lengd ef önnur en 25 m
	Reyklúga / reyklosun Merkja stærð og stýringu
	Stigleiðsla inntak
	Yfirprýst stigahús
	Rými / svæði með sérstakri áhættu
	Reykskynjari
	Gat í gólfi = GG Gat í lofti = GL
	Stjórnstöð brunaviðvörðunarkerfis
	Varðloki úðakerfis
	Tvíburatengi úðakerfis
	Loftræstiherbergi